



Fundur samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn fimmtudaginn 23. ágúst 2012, á skrifstofu FV og með aðstoð síma frá Bassastöðum í Steingrímsfirði, Reykhólum og Tálknafirði. Mætt voru Sigurður Pétursson, formaður, Eyrún I Sigþórsdóttir (í síma), Guðbrandur Sverrisson (í síma), Gústaf Jökull Ólafsson (í síma) og Guðfinna Hreiðarsdóttir sem sat fundinn í forföllum Elíasar Jónatanssonar. Auk þeirra sat Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð velkomna til fundar fulltrúa frá Vegagerðinni þá; Hrein Haraldsson, Vegamálastjóra, Magnús Val Jóhannsson, svæðisstjóra NV svæðis og G Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúa. Til fundarins var boðað samkvæmt samþykkt fundar samgöngunefndar þann 1. ágúst s.l. þar sem óskað var eftir fundi með Vegagerðinni til að ræða málefni sem voru til umræðu á fundinum. Einnig er stefnt á að taka upp að nýju, reglulega fundi með Vegagerð og öðrum samgöngustofnunum í framhaldi af samþykkt Alþingis á langtíma samgönguáætlun.

Hreinn Haraldsson þakkaði boð á fundinn sem hefði fallið vel að dagskrá ferðar hans um Vestfirði.

Gengið til dagskrár.

1. Staða verkefna á Vestfjörðum.

Magnús Valur rakti stöðu vegaf framkvæmda á Vestfjörðum. Lokið væri framkvæmd Vestfjarðavegar um Skálanes í Reykhólahreppi, teldi hann að framkvæmdin hefði heppnast vel að lokum en verkið tafðist nokkuð vegna gjaldþrots verktaka. Framkvæmdir á Vestfjarðavegi 60, Eiði – Þverá væru að komast á fullt skrið eftir hægan upptakt. Verktími er áætlaður þrjú ár eða til ársins 2015. Verkefninu er þó skipt upp í áfanga þannig að bundið slitlag verður komið á 6 km fyrir haustið 2013, 14 km fyrir haustið 2014 og restin upp í 16 km fyrir haustið 2015. Lokið væri verkefni við brúargerð og ræsi á Barðastrandavegi, en eftir væri vegagerð að nýjum brúm í Álftafirði. Þessi verkefni hefðu verið unnin samkvæmt aukafjárveitingu ríkisstjórnarfundar 5. apríl 2011. Lokið væri byggingu nýrrar brúar í botni Steingrímsfjarðar en tafir hefðu verið á vegagerð vegna samninga við landeigendur og eins hefði útboð verið kært. Niðurstaða væri komin í málið og verktaki myndi hefja verkið nú í ágúst, áætluð verklok er seinni hluta 2013.

Hreinn Haraldsson tilgreindi ný afloknu verkefni er varðar endurnýjun öryggisbúnaðar í jarðgöngum undir Breiðadals og Botnsheiði, (samkvæmt evrópskum stöðlum sem tekið hefðu gildi 2007). Hann svaraði fyrirspurn um síma og útvarp í göngunum, það mál væri sífellt í skoðun en hér kæmu til samningar við fjarskiptafyrirtækin. Væri það hans mat að það gæti orðið lausn í þessum málum fyrr en síðar.

2. Næstu verkefni samkvæmt samgönguáætlun 2011-2014 og 2015-2018.

Í umræðu kom fram að verkefni í samgönguáætlun 2011 – 2014 liggja fyrir og voru rædd í fyrri dagskrárlíð. Hinsvegar er hafin vinna að nýrri fjögurra ára áætlun 2013-



2016 og þar yrði að taka til skoðunar ný verkefni og fá aukið fjármagn til þeirra. Rætt um aðkallandi verkefni hér undir m.a. endurbygging vega með einbreiðu slitlagi s.s. í botni Seyðisfjarðar, Álftafjarðar, Bitrufjarðar og einbreið brú í Tálknafirði.

Formaður lagði til að nánari umræðu yrði vísað til næsta fundar samgöngunefndar í tengslum við endurskoðun fjögurra ára áætlunar og krefja Alþingi og ráðuneyti um að flýta þeirri vinnu.

3. Viðhald vega og vetrarþjónusta

Aðalsteinn kynnti sjónarmið sem hafa komið fram í samgöngunefnd og í samtölum við hagsmunaaðila s.s. ferðaþjónustu. Mokstursregla með 6 dögum kæmi sér illa, sérstaklega vegfarendum sem ekki þekkja vetraraðstæður, einkum á fjallvegum. Taka yrði upp að nýju sjö daga reglu og auka upplýsingaflæði til vegfarenda. Endurskoða yrði einnig reglu um vetrarþjónustu í Árneshreppi.

Hreinn, kynnti að veturinn 2011-2012 hefði verði mjög erfiður ekki síst á þeim svæðum þar sem umferðin væri mest og hæsta þjónustustigið væri. Kostnaður hefði á árinu 2011 hefði farið um 700 mkr. fram úr áætlun og í raun væri fjármagn ársins 2012 uppuríð. Beiðni liggur fyrir í ráðuneyti um tillögu að hækkun í fjáráukalögum 2012 og yrði að endurskoða skipulag vetrarþjónustu í framhaldi af afgreiðslu Alþingis. Vegagerðin hefði tekið við ábendingum um úrbætur á upplýsingaflæði og bætt úr.

Hreinn fór yfir viðhald vega, í ljósi efnahagsástands hefði dregið úr viðhaldi vega, hér væri mikið undir að þeir ónýttust ekki og því væri stefna að draga úr nýframkvæmdum á meðan þetta ástand varaði.

Samgöngunefnd taldi að viðhald malarvega á Vestfjörðum hefði batnað á árinu 2011 frá því sem áður var, nú yrði að lágmarki að halda þeim í því þessu horfi á meðan beiðni væri endurbyggingu þeirra. Einnig hefði veðurlag verið hagstætt.

Hreinn kynnti að fjármagn til tengivega hefði verði aukið í samgönguáætlun. Mörg verkefni lögju fyrir um allt land en unnið væri samkvæmt áætlun í þessum eignum. Stefnt væri á lagningu slitlags á vegkafla frá Vestfjarðarvegi að Núpi í Dýrafirði árið 2013. Næstur í röðinni yrðivegur í Örlygshöfn í Patreksfirði eða hluti hans, en þó ekki fyrir en eftir árið 2014.

Guðbrandur vék af fundi.

4. Drög að matsáætlun Vestfjarðavegar 60, Melanes-Bjarkalundur

Formaður kynnti samþykkt samgöngunefndar frá fundi hennar 1. ágúst um drög að matsáætlun Vestfjarðavegar 60, Melanes – Bjarkalundur og hefði erindi þess efnis verið sent Vegagerðinni. Nefndin tæki hér undir áherslur sveitarfélaganna á sunnanverðum Vestfjörðum og í Reykhólahreppi um að fleiri leiðir yrðu teknar upp í matsáætlun. Óskaði hann eftir að fulltrúar sveitarfélaganna færu nánar yfir áherslur sínar.



Í umræðu kom fram sú áhersla að leið B1 yrði tekin inn í matsáætlun til samamburðar við þær leiðir sem Vegagerðin gerði tillögu um í drögum að matsáætlun. Einnig yrði að taka leið A1 inn í matsáætlun og nauðsynlegar rannsóknir færu fram á dýpi og botngerð til að allar forsendur liggi fyrir um mat á kostnaði.

Hreinn og Magnús fjölluðu um kostnað við matsáætlunargerð, rannsóknir og forsendum fyrir leiðarvali í drögum að matsáætlun. Margvíslegar athugasemdir hefðu komið inn í umsagnarferlinum og þær væru nú til umfjöllunar en stefnt væri á að skila tillögu að matsáætlun á allra næstu vikum.

Samgöngunefnd leggur áherslu á að tryggja verði að Vegagerðin hafi fjármagn til að geta undirbúið og framkvæmt umhverfismat. Niðurstaða leiðarvals verði að byggja á traustum forsendum og hafa sem víðtækastan stuðning.

5. Áætlun um almenn samgönguverkefni s.k.v. Samgönguáætlun 2011-2014
Aðalsteinn fór yfir svokölluð almenn samgönguverkefni í samgönguáætlun þar sem gert er að tillögu um samstarf Vegagerðar og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þessi verkefni eru;

- a. Atvinnu og þjónustukjarnar og samgöngumiðstöðvar – skilgreining
- b. Almenningsamgöngur
- c. Skipulag landnotkunar og samgangna – aukin samvinna

Aðalsteinn taldi að þessi verkefni kæmu inn í vinnu FV að gerð sóknaráætlun landshluta (Vestfjarða) sem yrði unnin í samstarfi við fjölda hagsmunaaðila auk fulltrúa sveitarfélaga á Vestfirðum. Sú vinna væri hafin og ætti að skila drögum að áætlun í desember og óskaði eftir aðild Vegagerðar að þessari vinnu.

Hreinn kynnti að Vegagerðin tæki jákvætt í samstarf af þessu tagi og óskaði eftir erindi frá FV um slíkt. Almennt væri vinna hinsvegar rétt hafin við að skoða aðkomu Vegagerðar að þessum verkefnum. Fleiri verkefni væru hér undir og fjölluðu um ýmsa þætti er vörðuðu langtímastefnu stjórnvalda og endurspegluðu að hluta pólitíska sýn í samgöngumálum almennt.

6. Önnur mál.

Spurst fyrir um vinnu vinnuhóps um leiðarval á Dynjandisheiði en ekki hefur verið fundað rúmt ár. Fram kom að allan þennan tíma hefur verið unnið að gagnaöflun af margvíslegu tagi en ekki væri ákveðið með næsta fund, það ætti þó að geta orðið fljótlega.

Formaður þakkaði góðan og upplýsandi fund. Vegamálastjóri þakkaði tækifæri fyrir að ná umræðu um verkefni Vegagerðarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.00.